

## Skólanefnd og byggingarnefnd framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð

Fundur haldinn á Hótel Brimnesi, Ólafsfirði, 4. júní 2009, kl. 14.-15.

### Fundargerð

Fund sátu:

Úr skólanefnd: Anna Sigríður Hjaltadóttir, Bergþór Morthens, Helgi Jóhannsson, Jóna Vilhelmlína Héðinsdóttir (formaður) og Jónína Magnúsdóttir. Úr byggingarnefnd: Hörður Ólafsson, Stefán Ragnar Hjálmarsson, Sölvi Sveinsson, Þorsteinn K. Björnsson, Þórir Ólafsson og Þráinn Sigurðsson (formaður).

1. Jóna Vilhelmlína, formaður skólanefndar, setti fund og bauð menn velkomna. Hún greindi frá fundi í ráðuneytinu með aðstoðarmanni ráðherra um skólahald á komandi vetri. Þórir upplýsti að ráðherra hefði samþykkt að skólastarf færi fram bæði á Siglufirði og Ólafsfirði. Fékk sú ákvörðun góðar viðtökur fundarmanna. Sölvi rakti næstu skref í undirbúningi skólahalds. Skrá þarf væntanlega nemendur og fá val þeirra. Nemendur verða skráðir í VMA og greiða hefðbundin innritunargjöld þar og gengið verður frá aðkomu skólans að framkvæmd skólastarfsins í næstu viku. Ráða þarf starfsmenn til að annast starfið á stöðunum tveimur en Sölvi verður tengiliður í ráðuneytinu. Móta verður skýra framtíðarsýn fyrir skólann með heimamönnum, foreldrum, sveitarstjórnnum og væntanlegum nemendum.  
Rætt var um fyrirliggjandi vinnu og voru menn sammála um að skýrsla bakhóps frá í desember sl. væri sá grunnur er mótunarstarf skólans byggðist á.
2. Þráinn, formaður byggingarnefndar, greindi frá þeim verkþáttum sem væru á borði nefndarinnar. Vinna þarf þarfagreiningu og rýmisáætlun á grunni skýrslu faghópsins. Búið er að ráða Verkís á Akureyri til ráðgjafar við undirbúning. Fylgja verður stefnu íslenskra stjórnvalda í byggingarlist. Efnt verði til samkeppni um hönnun áður en verkið fer í útboð. Hann áætlað að rýmisáætlun eigi að geta legið fyrir í september og samkeppnislýsing hönnunar mánuði seinna. Jóna Vilhelmlína lagði áherslu á að við gerð byggingarinnar verði lögð áhersla á að hún henti til fjölbreytilegra nota og hafi tengsl við stofnanir samfélagsins. Þar þarf t.a.m. að vera góð aðstaða til listkennslu en starfs/verknám verður að hýsa hjá fyrirtækjum.  
Í umræðum kom fram áhersla á að nýta kosti svæðisins við námsframboð, hafa skólahúsnæði opið og sveigjanlegt þar sem tekið verður mið af nýtingu upplýsingatækni og fjölbreyttra kennsluhátta. Fyrir skólanefndarmanna til Hafnar í Hornafirði bar á góma en þar hefur vel tekist til með samþætta starfsemi framhaldsskóla og annarra stofnana í Nýheimum. Tengsl við samfélagið verður að hafa að leiðarljósi.  
Stefán lagði áherslu á að menn nýttu þá reynslu sem fyrir liggur við hönnun og byggingu nýlegra mannvirkja fyrir framhaldsskóla. Til umræðu kom að bjóða bygginguna út í alútboði.  
Þráinn sagði að undirbúningur þarfagreiningar væri hafinn og fljótlega yrði byggingarnefnd boðuð til fundar með Verkís-mönnum um framhald verksins.

Þórir Ólafsson ritaði fundargerð